

Íþróttamaður HSH 2023

Þriðjudaginn 23. janúar voru verðlaun til Íþróttafólks HSH afhent í Stykkishólmi eftir leik Snæfells, meistaraflokks kvenna, við Njarðvík. Þá var Vinnuþjörkum HSH og Sjálfbóðaliðum HSH einnig veittar viðurkenningar fyrir þeirra störf. Það var Arnar Geir Diego Ævarsson sem var kjörinn Íþróttamaður HSH fyrir árið 2023. Arnar Geir hefur verið mjög virkur í starfinu hjá Skotfélagi Snæfellsness á nýliðnu ári og tekið þátt í fjölda móta. Arnar Geir varð Íslandsmeistari í PRS, en það er tiltölulega ný keppnisgrein á Íslandi þar sem keppt er í ríffilskotfimi en keppendur þurfa að skjóta úr fjölbreyttum stellingum. Þetta er 6 móta mótariöð þar sem keppt er um allt land og þrjú bestu mótin telja til stiga. Arnar Geir tók þátt í öllum mótum ársins og stóð uppi sem Íslandsmeistari í verksmiðjuflokki, en keppt er í tveimur flokkum, opnum flokki og verksmiðjuflokki. Að auki hefur Arnar Geir staðið fyrir útbreiðslu PRS innan félagsins.

Arnar Geir hlaut einnig viðurkenningu fyrir að vera Skotíþróttamaður HSH. Anna María Reynisdóttir, sem var einnig valin Íþróttamaður Grundarfjarðarbæjar 2023, var valin Blakíþróttamaður HSH. Aron Ingi Hinriksson



er Körfuboltamaður HSH 2023, Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir er Hestaíþróttamaður

HSH 2023 og Knattspyrnumaður HSH er Ingvar Freyr Þorsteinson. Þá var Sigurbór Jónsson valinn Kylfingur HSH. Gunnhildur Gunnarsdóttir, framkvæmdarstjóri HSH, og Magnús Ingi Bæringsson, Tórstunda- og æskulýðsfulltrúi Stykkishólmsbæjar hlutu viðurkenningu fyrir Vinnuþjarka HSH 2023.

Að lokum fengu Sjálfbóðaliðar HSH viðurkenningu og var

þau Erna Sigurðardóttir, Gréta Sigurðardóttir, Helga Ingibjörg Reynisdóttir, Kristján Ágúst Magnússon, María Alma Valdimarsdóttir, Vignir Sveinsson og Ægir Ægisson sem hutu heiðurinn eftir síðasta ár.

Á meðfylgjandi mynd er Arnar, Íþróttamaður og Skotíþróttamaður HSH 2023, hlaðinn verðlaunagripum eftir afhendinguna.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Á heimasíðu Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness **fasteignsnae.is** er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Gáfu sjóminjasafninu hreindýrahaus



Jóhann Már Þórisson, betur þekktur sem Jói smiður, ásamt fjölskyldu sinni gáfu Sjóminjasafninu á Hellissandi gjöf á dögnum. Um er að ræða hreindýrahaus sem þau létu stoppa upp nýlega. Þessi glæsilegi tarfhaus eykur fjölbreytnina á safninu en hann mun

fá heimili á náttúrusýningunni í Náttúrufræðistofu Neshrepps utan Ennis. Það voru þeir Gabríel Góí og Oliver Mar Jóhannssynir, Þórir Jónsson faðir Jóa og Jói sjálfur sem færðu safninu gripinn sem var veiddur fyrir austan.

SJ

Aldís íþróttakona FH



Á gamlársdag var kjör á íþróttakarli og íþróttakonu FH opinberað. Íþróttakona FH var engin önnur en markvörðurinn og Ólsarinn Aldís Guðlaugsdóttir. Aldís er 19 ára gömul og átti hún frábært tímabil með FH-liði kvenna í fótbolta síðastliðið sumar. Var hún talinn lykilmáður í liðinu sem var nýliði í efstu deild en liðið bætti stiga-

met FH í Bestu deild kvenna. Aldís var valin í A-landsliðið í haust ásamt því að vera valin í U-20 landsliðið fyrir umspilsleiki fyrir HM U-20 liða. Á næsta ári mun Aldís fara í háskóla í Bandaríkjunum þar sem hún mun stunda nám við SMU í Texas ásamt því að spila fótbolta með háskóla-liðinu.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

TIL SÖLU

Toyota hilux árgerð 2018

Keyrður 84.600km

Ásett verð: 6.850.000

Upplýsingar í síma 845 3507



Íþróttastyrkir á Snæfellsnes

Mennta- og barnamálaráðherra hefur samþykkt tillögu íþróttanefndar um úthlutun styrkja úr íþróttasjóði fyrir árið 2024. Fjórir styrkir rötuðu til Snæfellsbæjar og Grundarfjarðar en úthlutað var til 74 verkefna fyrir alls 27,9 milljónir króna. 179 umsóknir bárust nefndinni fyrir um 250 milljónir króna. Ungmennafélagið Víkingur fékk 250.000 króna styrk til að bæta aðstöðu til þess að iðka frjál-

ar íþróttir og handbolta. Ungmennafélag Grundarfjarðar fékk 250.000 króna styrk til þess að kaupa búnað til skíðaiðkunar og skíðakennslu en einnig 300.000 króna styrk til kaupa á snjósöfnunargirðingum til að bæta skíða-aðstöðu. Skotfélag Snæfellsness fékk 400.000 króna styrk svo að hægt sé að fjárfesta í skotborði fyrir skotíþróttafólk í hjólastólum.

JJ

VETRARFATNAÐINN FÆRÐU HJÁ VOOT



Verð: 30.405,-

Vattfóðraðir og
loðfóðraðir kuldagallar
frá Marwear



Verð: 30.405,-



Verð: 34.900,-

Parka úlpur,
Vind og snjóbuxur,
vettlingar, lúffur,
og kuldagallar á börn
frá Didriksons



Verð: 24.150,-

Verð: 3.990 - 6.995,-



Verð: 3.995,-

Peysur, jakkar,
lúffur og húfur frá Cintamani



Verð: 19.995,-



Verð: 13.990,-

Merino undirfatnaður frá Devold



Verð: 12.990,-



Verð: 10.990,-

Viking
Kulda- og gúmmístígvél

VIKING

CINTAMANI

M
MAR WEAR
W

DEVOLD
NORWAY 1852

DIDRIKSONS

Ólafsbraut 19 - Sími 436 1214

VOOT

olafsvik@voot.is - www.voot.is

Nýtt starf hjá Snæfellsbæ

Verkefnastjóri á tæknideild Snæfellsbæjar



Snæfellsbær auglýsir laust til umsóknar nýtt og spennandi starf verkefnastjóra / þjónustufulltrúa á tæknideild Snæfellsbæjar.

Viðkomandi verður yfirmanni tæknideildar innan handar við dagleg verkefni á sviði deildarinnar og þjónustu sem varðar íbúa sveitarélagsins.

Frekari upplýsingar um hlutverk og hæfniskröfur er að finna á vefsíðu Snæfellsbæjar og athygli vakin á því að sótt er um starfið á nýjum ráðningarvef á snb.is.

Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar 2024.
Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. mars 2024, eða eftir samkomulagi.

Hægt er að nálgast ítarlegri upplýsingar með QR-kóðanum eða á vefsíðu Snæfellsbæjar..



Skíðasvæði Snæfellsness opnar

Skíðasvæði Snæfellsness opnaði í fyrsta skiptið þennan veturinn núna í vikunni. Mikil vinna fer í að undirbúa svæðið undir iðkun en nú er henni lokið og geta gestir farið að skíða þegar aðstæður leyfa.

Fyrir áramót voru sætin sett á vírinn í skíðalyftunni, ljóskastarar voru tengdir, miðmastið lagað og fleiri minni atriði. Snjógildirur voru einnig settar upp og hafa þær heldur betur sannað sig. Í vikunni var brekkan troðin í tvígang, net voru sett upp og skálinn undirbúin. Þegar sjálfbóðaliðar höfðu mannað gæsluna og öll öryggisatriði yfirfarin þá var loksins hægt að opna í fyrsta skiptið þennan veturinn.

Vonandi heldur svo áfram að sjóa svo að gestir og iðkendur geti haldið áfram að njóta þess að þjóta niður brekkuna.

Á Facebook síðu Skíðasvæðis Snæfellsness má finna upplýsingar um færri í brekkunni og hvort svæðið sé opið.

JJ



Forstöðumaður tæknideildar

Snæfellsbær óskar eftir að ráða forstöðumann tæknideildar/byggingarfulltrúa. Forstöðumaður leiðir tæknideild Snæfellsbæjar og er hlutverk hans m.a. að tryggja að starfsemi tengd byggingarmálum sé í samræmi við lög og reglugerðir og gildandi fjárhagsáætlun.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Tryggja að lögum um mannvirki nr. 160/2010, skipulagslögum nr. 123/2010 og öðrum lögum og reglugerðum varðandi byggingarmál í sveitarfélaginu sé framfylgt
- Byggingarefirlit og umsjón með byggingarmálum sveitarfélagsins, þ.m.t. nýframkvæmdum og viðhaldsframkvæmdum
- Ráðgjöf er varðar byggingarmál ásamt móttöku og afgreiðslu á byggingarleyfisumsóknum
- Móttaka og afgreiðsla umsókna um byggingarlóðir
- Ábyrgð á skráningu mannvirkja og staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga
- Framkvæmd úttekta og útgáfa leyfa
- Ráðgjöf og þjónusta við hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði byggingarmála
- Löggilding sem hönnuður skv. 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
- Góð þekking og reynsla á sviði byggingarmála
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Frumkvæði og nákvæm vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta, ásamt kunnáttu í teikniforritum
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er æskileg



Snæfellsbær

Snæfellsbær er landstærsta sveitarfélagið á Snæfellsnesi með um 1.700 íbúa. Í Snæfellsbæ er vel tekið á móti nýjum íbúum og þar má finna góða leik- og grunnskóla auk öflugss félags- og íþróttalífs fyrir börn sem fullorðna. Sjávarútvegur er burðarstoð atvinnulífs í Snæfellsbæ auk ferðaþjónustu enda Snæfellsjökull miðdepill sveitarfélagsins og sést víða að. Í Snæfellsbæ er boðið upp á vinnuaðstöðu fyrir störf án staðsetningar.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi fagfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með **9. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is.

hagvangur.is



Þorrablót í Klifi á laugardag

Þorrablótið í Ólafsvík nálgast óðfluga en það verður haldið í Klifi 3. febrúar næstkomandi. Öflugur hópur fólks úr Snæfellsbæ hefur komið saman síðustu mánuði og unnið við skipulag blótsins. Kvenfélag Ólafsvíkur, Lionsklúbbur Ólafsvíkur, Lionsklúbburinn Rán, Átthagafélag Fróðhreppinga og Leikfélagið Lauga koma að þorrablótinu auk annarra aðila sem vildu taka þátt í þessu skemmtilega verkefni.

Einstaklingar sem sitja í þorrablótisnefndinni eru allt sjálfboðaliðar og er mikil vinna og metnaður lagður í skipulag og skemmtiatriði. Undirbúningurinn er að ná hámarki, verið er að fínþússa skemmtiatriðin en af nógu er að taka eftir viðburðaríkt ár í Snæfellsbæ.



Aðal miðasalan fór fram í Klifi á sunnudag, en að auki var boðið upp á að kaupa miða á meðan á æfingum stóð á mánudag og þriðjudag og hafa rúmlega 200 miðar selst á blótið þegar þetta er skrifað á þriðjudagskvöldi.

SJ



Bifreiðaverkstæði /Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Gjaldskrá

fyrir íþróttahús og sundlaug Snæfellsbæjar 2024

Sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík

Stakar sundferðir:

Börn, 9 ára og yngri.....	Frítt
Börn, 10-17 ára.....	400 kr.
Fullorðnir.....	1.150 kr.
Ellilífeyrisþegar og öryrkjar.....	500 kr.

Afsláttarmiðar:

Börn, 10 miðar.....	2.000 kr.
Börn, 30 miðar.....	4.800 kr.
Börn, árskort.....	14.000 kr.
Fullorðnir, 10 miðar.....	5.750 kr.
Fullorðnir, 30 miðar.....	13.800 kr.
Fullorðnir, árskort.....	39.300 kr.
Ellilífeyrisþegar og öryrkjar, 10 miðar.....	1.500 kr.
Ellilífeyrisþegar og öryrkjar, 30 miðar.....	3.600 kr.
Ellilífeyrisþegar og öryrkjar, árskort.....	10.000 kr.

Annað:

Sturta, fullorðnir.....	900 kr.
Leiga á sundfötum.....	500 kr.
Leiga á handklæði.....	500 kr.

Börnum yngri en 10 ára er óheimill aðgangur að sundlauginni nema í fylgd með syndum einstaklingi, 15 ára eða eldri. Viðkomandi má ekki hafa fleiri en tvö börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.

Athugið: afsláttarkort gilda bæði í sundlauginni í Ólafsvík og á Lýsuhóli.

Íþróttahús Snæfellsbæjar í Ólafsvík

Tími í íþróttasal (1/1).....	7.700 kr.
Tími í íþróttasal (1/3).....	2.800 kr.
Barnaafmæli.....	8.000 kr.
Einstaklingstímar.....	500 kr.
10 tíma kort.....	4.000 kr.
Veislur.....	35.000 kr.

UMF Víkingur/Reynir, allt að 250 tímar á ári í sundlaug @ 8.000.- per klt.

UMF Víkingur/Reynir, allt að 1400 tímar á ári í íþróttahúsi @ 8.000.- per klt.

Grunnskólinn, allt að 650 tímar á skólaári (38 vikur) í sundlaug @ 8.000.- per klt.

Grunnskólinn, allt að 700 tímar á skólaári (38 vikur) í íþróttahúsi @ 8.000.- per klt.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. desember 2023. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2023 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2023.





Opnunarhátíð á nýju húsi Félags eldri borgara

Nýtt hús Félags eldri borgara í Snæfellsbæ að Ólafsbraut 23 verður formlega tekið í notkun og afhent félaginu til afnota fimmtudaginn 1. febrúar kl. 16:00.

Húsið er hið glæsilegasta í alla staði og getur Félag eldri borgara nú haft alla sína blómlegu starfsemi undir einu þaki.

Við sama tilefni verður nafn á húsið gert kunngjört.

Við hvetjum alla til að mæta og fagna þessum merka áfanga með félaginu og skoða þessa frábæru aðstöðu.

Öll hjartanlega velkomin.

